MANNLÍF

3. TÖLUBLAÐ 40. ÁRGANGUR
FÖSTUDAGUR 24. FEBRÚAR 2023

BAKSÝNISSPEGILLINN • MATGÆÐINGURINN • STÆKKUNARGLERIÐ • LÍFSREYNSLUSAGAN • SAKAMÁLIÐ • SAMFÉLAGIÐ

„Ekki hrædd um að frægðin gleypi mig“

Einkaviðtal

Veikindin og tónlistin:

Barátta og sigrar Unu Torfa

Fékk flog og greindist með krabbamein

Ánægjan er öll okkar

Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni — sjötta árið í röð.



MANNLÍF **Útgáfufélag:** Sólartún ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Reynir Traustason
Útgáfustjóri: Katrín Guðjónsdóttir
Gæðastjóri: Kolbeinn Þorsteinsson
Auglýsingastjóri: Elsa Hrund Kristinsdóttir
Ljósmyndari: Kazuma Takigawa

Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Guðjón Guðjónsson, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Svanur Már Snorrason, Svava Jónsdóttir.

Umbort: Lára Garðarsdóttir

Í góðum málum / slæmum málum 2
Leiðarinn 4
Fjölmiðlapistillinn 6
Orðrómur 6
Neytandi vikunnar 8
Fréttamálið 10
Sjóarinn 14
Viðtalið 16
Unaðsvara vikunnar 26
Baksýnisspegill 28
Helgarpistillinn 30
Lífsreynslusagan 32
Útivist 34
Stækkunarglerið 38
Vín og matur 40
Síðast, en ekki síst 42



Í GÓÐUM MÁLUM

Umsjón: Björgvin Gunnarsson



Íslenski kvikmyndageirinn er heldur betur í góðum málum þessa dagana. Hver frábær kvikmynd rekur aðra í kvikmyndahúsum landsins í byrjun ársins og virðast þær allar slá í gegn. Fyrst var það Villibráð Elsu Maríu Jakobsdóttur, sem sló heldur betur í gegn en tugir þúsunda hafa séð hana síðan hún kom út í janúar. Þykir þar leikurinn og handritið bera af, en um er að ræða einhvers konar gamanmynd með vott af sálfræðitryllingi. Því næst var það spennumyndin Napóleónsskjölin sem byggð er á samnefndri bók eftir Arnald Indriðason í leikstjórn Óskars Þórs Axelssonar. Kvikmyndin hefur yfir sér Hollywood-blæ, er einstaklega vel unnin og þar má sjá stjörnu úr Game of Thrones, Ian Glen, ásamt Vivian Ólafsdóttur og Jack Fox, svo fáeinir séu nefndir. Senunni stelur þó risinn okkar góðlátlegi, Ólafur Darri Ólafsson, í hlutverki sveitadurgsins Einars. Þriðja íslenska kvikmyndin sem frumsýnd var nú nýlega er ferðasagan Á ferð með mömmu í leikstjórn Hilmars Oddssonar, en þar fara aðalleikararnir, Þröstur Leó Gunnarsson og Kristbjörg Kjeld, algjörlega á kostum. Í myndinni keyrir Þröstur Leó þvert yfir landið með lík móður sinnar í baksætinu, í þeim tilgangi að jarða hana á Eyrarbakka. En sú gamla hætti ekki að kvarta í honum þrátt fyrir þá staðreynd að hún væri dáin. Tragíkómísk og listræn.

Í SLÆMUM MÁLUM



Íslendingar sem annaðhvort hafa ekki efni á eða af einhverjum ástæðum komast ekki til Tenerife til að taka tásumyndir og liggja í sólinni, þeir eru í slæmum málum. Af hverju? gæti einhver spurt sig. Svarið er sáraeinfalt. Vegna veðursins á Íslandi. Hver bölvuð lægðin kemur á eftir annarri og Veðurstofa Íslands skellir fram gulum og appelsínugulum viðvörunum, líkt og hún fái greitt fyrir það. Hún fær það reyndar, en þið skiljið hvað ég meina. Og þessar lægðir eru ekkert hættar að koma hingað og svo er nú páskahretið eftir. Þessum lægðum fylgir svo alls konar vesen, hálkuslys, kvef og fastir bílar. Og ekki láta mig byrja á bílastæðunum, þvílík kvöl og pína sem þau eru þegar snjórinn frýs og verður ómögulegur. En við sem hér dveljum getum þó huggað okkur við það, að eftir veturinn kemur vor og eftir vorið kemur tveggja vikna sumar, ef við erum heppin.

NÓA

TROMPAÐU DAGINN!



cocoa HORIZONS

NÓI SÍRÍUS



Leiðarinn
Reynir Traustason



Una
og kapphlaupið við dauðann

Söngkonan og skraddarinn tilvonandi, Una Torfadóttir, á að baki hrikalega lífsreynslu. Aðeins tvítug að aldri greindist hún með krabbamein við heila. Hún var í bráðum lífsháska, en lét það ekki hafa neikvæð áhrif á sig heldur barðist æðrulaus við óvættinn. Hún varð að vera viðbúin endalokum ekki síður en sigri.

Á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan hún greindist hefur líf hennar verið sannkallaður rússíbani. Hún sigraðist á krabbameininu og varð landsfræg sem söngkona og tónlistarmaður. Í viðtali hennar við Mannlífið vekur sérstaka athygli hversu þroskuð og yfirveguð afstaða hennar er gagnvart vágestinum. Hún las sér til um sjúkdóminn og gerði svo það sem gera þurfti til þess að sigra í þessu kapphlaupi við dauðann. Hún nefnir sérstaklega þá samstöðu sem vinir hennar og ættingjar sýndu henni á þessum örlagatímum. Hún velti fyrir sér dauðanum á meðan stríðið stóð og komst að ákveðinni niðurstöðu.

> ***Lífsorkan sem er inni í mér er ekkert aðskilin öllu öðru lífi á jörðinni***

„Ég held að þetta sé bara eins og að sofna og að það verði eins og það var áður en maður varð til. Mér finnst líka svo fallegt til þess að hugsa að lífsorkan sem er inni í mér er ekkert aðskilin öllu öðru lífi á Jörðinni. Þetta er allt ein risastór, endalaus hringrás og allt heldur áfram …“, sagði hún. Gömul sál kann einhver að hugsa.

Una Torfa lætur ekki frægðina trufla sig. Eftir lífsháskann stundar hún nám sem klæðskeri og semur lög sín og flytur. Sem fyrr er æðruleysi og yfirvegun í öndvegi í lífi hennar og starfi. Það er ekki hægt annað en bera virðingu fyrir henni og þeim viðhorfum sem hún stendur fyrir.

En þótt sigur hafi unnist er Una undir stöðugu eftirliti. Hún viðurkennir fúslega að það geti verið óþægilegt að bíða niðurstöðu. Una Torfa ætti að vera öllum fyrirmynd í því hvernig hún bregst við uppákomum í lífinu. Æðruleysið er í öndvegi.



Kíktu á yfir **1400** vörur á www.alfaborg.is

Flísar - Speglar - Innréttingar - Blöndunartæki - Baðkör - Handklæðaofnar
Niðurföll - Sturtugler - Sturtuveggir - Salerni - Salerniskassar - Aukahlutir

ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Fjölmiðlapistillinn

Fleiri en fjórtánhundruð heimskingjar á Íslandi



Lára Garðarsdóttir

Samkvæmt orðabók er orðið heimskur skilgreint sem: Reynslulaus, heimóttarlegur, fávís um góða siði, sbr. Jónsbók, 39.“

Með öðrum orðum, sá er húkir heima og þekkir fátt þess utan.

Nýverið var færslu á samfélagsmiðlum deilt af yfir 1.400 heimsku fólki. Í færslunni var ljósmynd af sofandi einstaklingi í svefnpoka inni í strætóskýli. Sorgleg staða í íslensku samfélagi. Undir myndinni var ritaður texti þar sem att var saman heimilislausum Íslendingum og erlendu flóttafólki. Í færslunni var þeim sofandi gefið að vera Íslendingur og í sömu málsgrein var því kastað fram að allir erlendu flóttamennirnir sætu nú og ylju sér, í sínum sérúthlutuðu nýju íbúðum í Reykjavík.

Fjölmargir heimskir Íslendingar deildu áróðursfærslunni, hneyksluðust og skömmuðust vegna þess hvernig komið væri fram við aumingja, heimilislausu Íslendingana.

Í sömu vikunni birtust fréttir um stórbruna í áfangaheimili, fimm fluttir á slysadeild og nágrannar í áfalli. Lögmæti húsnæðisins sem dvalarstaður orkaði tvímælis. Svo var flett ofan af því að áfangaheimilið var bæði fyrir Íslendinga og útlendinga í fíknivanda sem og erlent flóttafólk.

Bíddu, átti ekki allt erlenda flóttafólkið að vera í sérúthlutuðum nýbyggingum og búa við hin bestu kjör?

Það er áreynsla að lesa heimskan áróður og falsfréttir sem kastað er fram án sérstakrar ígrundunar – þar sem tveimur minnihlutahópum er att saman. Það sem verra er, er að hjarðhegðun heimskra Íslendinga sem deila slíkum fordómum er óborganleg.

Þeir sem eru undir – eru undir; alveg sama hvaðan þeir koma eða hvers lenskt blóðið í þeim er.

Í allra besta bænum hugsum okkur tvisvar um áður en heimskunni er deilt og dreift áfram.

ORÐRÓMUR

Pögull Logi

Logi Bergmann Eiðsson, fyrrverandi útvarpsmaður, hefur haft hægt um sig allar götur síðan **Vítalía Lazereva** bar á hann þær sakir að hann hefði áreitt hana á hótelherbergi í Borgarfirði. Logi hefur þvertekið fyrir að vera sekur um athæfið, en viðurkennir að hafa farið inn á herbergi Vitalíu og **Arnars Grant** í leyfisleysi með lykli í eigu hótelsins.



Nú hefur vænkast hagur Loga því Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa ráðið hann til að hafa samskipti við fjölmiðla og annast aðalfund félagsins. Starf hans sem fjölmiðlafulltrúi er þó með undarlegra móti þar sem hann fæst ekki til að tjá sig opinberlega …

Guðmundur Felix stýrir



Kraftaverkamaðurinn **Guðmundur Felix Grétarsson** var sá fyrsti í heiminum sem fékk á sig græddar hendur. Ferill hans í gegnum allt þetta hefur vakið gríðarlega athygli. Jákvæðni, æðruleysi og kjarkur hefur þótt einkenna baráttu hans fyrir betra lífi.

Nýjustu fréttir af Guðmundi Grétari eru þær, að hann er farinn að stýra bifreið sinni með annarri hendi, eins og **Bjössi á mjólkurbílnum** forðum. Framfarirnar eru einstakar …

Bergþóra slapp með skrekk

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, er stálheppin í umferðinni. Hún var á ferð um Hellisheiði á jeppa með hestakerru í einu óveðrinu í febrúar þegar svo illa vildi til að bíllinn kastaðist út af veginum í fljúgandi hálku. Hún þakkaði sínum sæla fyrir að búið var að laga vegöxlina svo bifreiðin steyptist ekki fram af. Fólk og hestar sluppu með skrekkinn …

Hrossagort Laufeyjar



Benedikt Erlingsson, leikari og leikstjóri, er ófeiminn við að segja skoðun sína. Þegar **Laufey Guðjónsdóttir**, forstöðumaður Kvikmyndasjóðs, lét af starfi sínu eftir 20 ár lét hún þess getið í viðtali að minnisstæðast úr starfinu hefði verið að kvikmynd Benedikts, Hross í oss, hefði hlotið verðlaun Norðurlandaráðs, árið 2014.

Benedikt svarar þessu af fullum krafti og minnir á að Laufey lét myndina ekki fá fullan framleiðslustyrk. Hann vonast til að arftaki Laufeyjar sitji skemur.„Sú staða að heil kynslóð listamanna eigi allt undir smekk eða „vináttu“ einnar konu (eða manns), um hálfa starfsævina, er bara barbarí …,“ skrifaði hann á Facebook. Framleiðslufyrirtæki Benedikts, Hrossabrestur ehf., varð gjaldþrota þrátt fyrir að myndin hefði sópað að sér verðlaunum …


SJÁ
LAND
MATUR & VEISLA
BRÖNS ALLAR HELGAR
FRÁ 11:30 TIL 15:00
Bókanir í síma 555 3255 og bokanir@sjaland210.is
Sjáland Matur & Veislur / Ránargrund 4 / 210 Garðabær

Neytendamál



Guðrún Gunnsteinsdóttir



Sigríður Ingvarsdóttir. Mynd úr einkasafni.

Neytandi vikunnar er Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri Fjallabyggðar og ritstjóri Húsfreyjunnar. Sigríður var áður forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hún er gift Daníel Gunnarssyni, lyfjafræðingi hjá Vistor. Samtals eiga þau sex börn og ellefu barnabörn, sem sagt alvöru ríkidæmi. Sigríður býr á Siglufirði og býr við þann góða kost, að eigin sögn, að þar er ein besta fiskbúð landsins og einstaklega gott bakarí.

Hvernig sparar þú í matarinnkaupum?

Ég er dugleg að kaupa það sem er á tilboði hverju sinni. Eins kaupi ég 10 kílóa fiskiöskjur í Fiskbúð Fjallabyggðar, með sjófrystum þorskflökum. En við í fjölskyldunni erum mjög mikið fyrir fisk. En helsti sparnaðurinn hjá mér varðandi mat felst í því að henda aldrei mat og nýta alla afganga. Mér finnst skelfilegt að hugsa til allrar þeirrar matarsóunar sem á sér stað, hér á landi og annars staðar, því þetta þarf alls ekkert að vera svona. Það er hægt að nýta afganga á svo margvíslegan hátt og gera girnilega rétti úr þeim. Til dæmis ef rjómi er að renna út á tíma hjá mér, þá frysti ég hann. Alltaf gott að eiga rjóma í frysti til dæmis til að bæta út í súpur og sósur. Ef mjólkurvörur eru að renna út á tíma hjá mér þá baka ég úr þeim. Ef ég er með alla fjölskylduna í mat og það er mikill afgangur, þá sendi ég liðið mitt heim með afganga.

Endurnýtir þú? Ertu með ráð til annarra?

Já, ég endurnýti suma hluti. Ég nota t.d. glerkrukkur undir sultur og hlaup sem ég útbý. Eins nota ég gömul handklæði og viskustykki í tuskur og bónklúta. Ég er markvisst farin að kaupa frekar vörur sem er ekki pakkað í miklar umbúðir. Til dæmis kaupi ég frekar ávexti og grænmeti sem er ekki hlaðið umbúðum.

Hvað hefur þú í huga þegar þú kaupir mat, fatnað og gjafir?

Ég hef notagildið í huga. Ég kaupi ekki bara eitthvað, heldur það sem virkilega er að nýtast. Þegar gjafakaup eru annars vegar erum við hjónin meðvituð um að reyna að kaupa gjafir sem viðkomandi þarf á að halda. Við erum dugleg að hafa samband við börn og barnabörn og athuga hvort eitthvað vanti, s.s. fatnað í leikskólann, eitthvað til heimilisins o.s.frv. Eins erum við dugleg að gefa góðar samverustundir eða upplifun, þ.e. eitthvað sem viðkomandi getur notið, í stað þess að gefa einhverja hluti.

Hverju átt þú erfiðast með að draga úr kaupum á?

Ég elska ferska ávexti og ber, ferskar kryddjurtir og gott grænmeti. Því á ég mjög erfitt með að neita mér um að kaupa þessar vörur. Því má segja að ég bruðli svolítið þegar ég kem í ávaxta- og grænmetisdeildir í verslunum. En á móti kemur, að ég nýti allar þessar vörur upp til agna. Þetta eru hollar og góðar vörur og því finnst mér í lagi að gera vel mig og fjölskylduna á þessu sviði. Við kaup á þessum vörum reyni ég alltaf að kaupa frekar innlent, ef það er í boði, heldur en innflutt.

Skiptir umhverfisvernd þig máli?

Umhverfismál skipta mig miklu máli og sem betur fer er almenningur farinn að veita umhverfismálum mun meiri athygli en áður. Við eigum að hafa áherslur hringrásarhagkerfisins að leiðarljósi, þ.e. að draga úr óhóflegri neyslu, auka líftíma auðlinda jarðar og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur.
Ég ákvað þegar ég flutti norður að nota bílinn minn sem allra minnst. Hér í Fjallabyggð búum við við þau forréttindi að maður kemst fótgangandi á alla staði innan byggðakjarnanna Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Þegar maður leggur bílnum og fer allra sinna ferða gangandi, þá er það allt í senn; sparnaður varðandi eldsneytiskaup, gott fyrir umhverfið, þar sem ekki er verið að menga, og síðast en ekki síst góð og ókeypis líkamsrækt, því ekki er hægt að byrja né enda vinnudaginn á betri hátt en með hressandi gönguferð í öllum veðrum.

Bestu sparnaðarráð sem ég get gefið er að nota aldrei yfirdrátt og taka helst ekki lán og ALDREI að taka smálán. Auðvitað kemst fólk varla hjá því að taka húsnæðislán, en það er svo ofboðslega dýrt að skulda peninga. Því er besta sparnaðarráðið sem ég get gefið, að safna fyrir því sem á að kaupa.


Ægisgardur
ALLT FYRIR VEISLUNA
Frábær veislusalur fyrir öll tækifæri
úti á Granda, staðsettur inn í
íslensku handverksbrugghúsi.
info@aegisgardur.is



Björgvin Gunnarsson



Ráðgátan um eitt dularfyllsta flugslys Íslandssögunnar

Annar kafli: *Misvísandi vitnisburður*

Mannlíf hefur að undanförnu fjallað um eitt dularfyllsta samgönguslys Íslandssögunnar, Glitfaxaslysið 1951. Komið hafa fram nýjar upplýsingar en Mannlíf ræddi við Nikulás Sveinsson sem var staddur í flugturninum í Keflavík daginn sem flugvélin fórst. Heyrði hann allt sem fram fór á milli turnsins í Reykjavík og þess í Keflavík, flugmanni Glitfaxa var boðið í þrígang að lenda á Keflavíkurflugvelli en afþakkaði í öll skiptin. Þá uppljóstraði Mannlíf einnig um kafara sem segist hafa fundið flakið, en neitar að gefa upp nákvæma staðsetningu. Nú er sem sagt komið að næsta kafla í umfjölluninni, en þar kemur aftur ýmislegt nýtt og forvitnilegt í ljós.

Kynntist aldrei föður sínum

Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir var í móðurkviði þegar faðir hennar, Sigurbjörn Meyvantsson, fórst en hann var einn 17 farþega í Glitfaxa, Dakota-flugvél Flugfélags Íslands sem fórst árið 1951.

Í viðtali við Mannlíf segir Sigurbjörg föður sinn hafa verið þekktur sölumaður hjá Ásbirni Ólafssyni og hann hafi verið staddur í Vestmannaeyjum þennan örlagaríka dag, 31. janúar fyrir 72 árum, í söluferð. Móðir hennar var að bíða eftir að fá föður hennar heim og notaðist við útvarpstæki þar sem hægt var að stilla inn á talstöðvasamskipti. „Hún er að fylgjast með þessu í gegnum útvarpið, hvar hann er á leiðinni. Hún heyrir þetta þannig. Svo allt í einu sló þögn á allt," sagði Sigurbjörg, en sú þögn hefur í raun varað allar götur síðan. Ættingjar þeirra sem fórust velta því enn fyrir sér hvað hafi í raun komið fyrir Glitfaxa, en flakið hefur aldrei fundist, ekki opinberlega að minnsta kosti.

Eldri systir Sigurbjargar var á

þrettánda ári þegar slysið varð, en hún lést fyrir stuttu. „Hún var mjög frökk. Hún tók þetta slys auðvitað nærri sér eins og gefur að skilja og hún vildi fá að vita eitthvað meira. Hún tók vinkonu sína með sér og fór á Lækjargötu þar sem Flugfélag Íslands var til húsa og stóð þar úti á gólfi og var spurð hvaða erindi hún ætti þangað. Þá hóf hún upp raust sína og sagði: „Ég vil fá að vita hvað varð um Glitfaxa!". Hún var þá spurð af hverju hún væri að spyrja um það. Þá sagði hún: „Pabbi minn var í flugvélinni". Og þá sló bara þögn á allt starfsfólkið á skrifstofunni. Og hún fékk engin svör."

> *Ég vil fá að vita hvað varð um Glitfaxa*

Að sögn Sigurbjargar hafði slysið auðvitað gríðarleg áhrif á fjölskylduna. „Jú, ég er náttúrlega yngst og kynntist aldrei pabba, en systur mínar mundu báðar eftir honum."

Enn fremur segir hún að þöggun hafi alla tíð einkennt málið. „Þetta var aldrei neitt rætt að ráði. En stundum, þegar það var gert, þá var það oft rætt heima hjá mér, svona áður en mamma mín lést."

Sigurbjörg segist vilja vita hvar flugvélina sé að finna þótt hún vilji ekki að það verði hróflað við henni, en árið 2011 fór hún ásamt um það bil 20 öðrum ættingjum þeirra sem létust í slysinu, út á Faxaflóa með blómsveiga til að minnast slyssins á 60 ára afmæli þess.

„Mér þætti mjög vænt um að fá að vita það," sagði hún aðspurð hvort hún myndi vilja vita hvar flugvélarflakið væri að finna. „En ekki það að það eigi eitthvað að hrófla við þessu, ekki að okkar hálfu."

Hefur fengið nákvæma staðsetningu á flakinu

Miklar vangaveltur eru um nákvæma staðsetningu flaks Glitfaxa sem fórst árið 1951 ásamt öllum innanborðs, 20 manns. Kafari sem Mannlíf ræddi við segist hafa farið niður að því en vill ekki gefa upp nákvæma staðsetningu. Þá telur þyrluflugmaður sig hafa séð flak við Straumsvík árið 1978. Sérfræðingur í flakaköfun sem Mannlíf ræddi við dregur í efa að um flak Glitfaxa hafi verið um að ræða, þótt hann útiloki ekkert.

Þyrluflugmaðurinn

Fyrrverandi þyrluflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni, Benóný Ásgrímsson, segir í samtali við Mannlíf að hann hafi árið 1978 séð flak flugvélar í Straumsvík. „Ég get ekki staðfest að ég hafi séð flak Glitfaxa, en ég sá eitthvað sem líktist flugvél, skammt undan Straumsvík. Þetta voru mjög sérstök skilyrði, glampandi sól og algjört logn," sagði Benóný og bætti því við að þetta hafi verið í kringum 1978. „Ég lét vita af þessu á sínum tíma, lét loftferðaeftirlitið vita, minnir mig."

Kafarinn

Mannlíf birti frétt á dögunum þar sem sagt var frá kafara nokkrum sem sagðist hafa kafað niður að flaki Glitfaxa, en vildi ekki gefa nánari upplýsingar um staðsetninguna. Ástæðan er sú að hann vildi ekki að „einhverjir kjánar færu að hræra í þessu" en stjúpmóðir hans missti föður sinn og föðurbróður í slysinu.

Lögreglumaðurinn

Þá ræddi Mannlíf við lögreglumanninn og köfunarsérfræðinginn Arnar Þór Egilsson, sem sérhæfir sig í að leita að flökum, en hann hefur kafað í um 20 ár. Sagðist hann draga í efa að mennirnir sem talað er um hér að framan, hafi fundið flak Glitfaxa þótt hann útiloki það ekki. Segist hann ekki hafa heyrt af flaki í námunda við Straumsvík, en að nokkur flök séu vissulega í Faxaflóa, önnur er en flak Glitfaxa. „Ef að hann sá flak þar, hlýtur það að hafa verið á miklu grunnsævi. Ef við skoðum það, þá erum við til dæmis með annað flugvélarflak, Northrop-vélina sem er í Skerjafirði,



Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir Mynd/samsett

en hún er frá því í stríðinu, sem sagt fyrir tíma Glitfaxa. Og það flak er á 12 til 14 metra dýpi og það er ekki séns að sjá það nokkurn tímann. En svo er, við Álftanes, flak breskrar herflugvélar af gerðinni Lockheed Ventura, sem fórst í stríðinu líka. Hún er alveg í tætlum. Ég kafaði sjálfur að því flaki og þar er bara ekkert að sjá." Arnar Þór segir að miðað við sjónstefnu Glitfaxa sem flugvélin átti að vera í þegar sambandið rofnaði, þá hafi hún farið í sjóinn þar sem er um 30-35 metra dýpi. „Jú, það er mikið þannig séð, en miðað við tæknina í dag þá er þetta ekki ómögulegt."

Vill skoða svæðið betur

Arnar Þór segist hafa fengið ábendingu um flak Glitfaxa fyrir nokkrum árum. „Fyrir nokkrum árum fékk ég ábendingu um það að flak Glitfaxa væri að finna undan ströndum Kúagerðis. Og mér var gefinn ákveðinn punktur og fullyrt við mig að þarna væri vélin. Ég fór út að leita og ég tók Side Scan-sónar með mér og kortlagði svæðið alveg. Og ég sá ekki neitt. Bara alls ekki neitt. En nú er ég mjög vanur að leita að svona löguðu, en ég myndi ekki segja að mínar mælingar eða mín leit hafi verið 100 prósent, því að ef við tökum þessa sviðsmynd sem átti sér stað undan ströndum Álftaness, að þá er ekkert eftir. Þegar ég notaði Side Scan-sónarinn við leit að því flaki sá ég ekki neitt, en ég vissi að þarna var eitthvað, því ég hafði kafað þangað niður. Þannig að það sem ég á eftir að gera í raun og veru er að kíkja á þennan stað þar sem fullyrt var við mig að flakið væri og fara með fjarstýrða myndavél þangað niður og athuga hvort sá staður reynist réttur. Við erum ekkert að leita að vél sem er í heilu lagi, þetta eru bara bútar eða brot. Allt álefni er bara farið í gegnum tíðina. En það geta alltaf verið einhverjir hlutir eftir eins og lendingarbúnaður og svo er eitt sem fer aldrei og það eru mótorarnir."



Flugvélarflak frá seinni heimsstyrjöldinni sem fannst undan ströndum Papúa Nýju-Gíneu með hjálp Side Scan-sónars, árið 2017.

Myndin tengist fréttinni óbeint.

Hvað varðar fullyrðingu kafarans um að hann hefði kafað að flakinu, segir Arnar Þór að hann verði að heyra frekar um það til þess að trúa því: „Ég leyfi mér að draga þetta í efa. Segðu mér aðeins meira svo ég, sem er kafari sem leitað hefur að flökum og fundið þau, geti fengið að vita þetta. Mér finnst þetta bara ótrúverðugt." Þegar blaðamaður segir honum að kafarinn hafi ekki viljað segja hvar flakið væri að finna því stjúpmóðir hans hefði misst föður sinn og frænda í slysinu og vilji ekki að „hrært" væri í þessu, sagðist Arnar Þór skilja það. „Það er alveg fullkomlega skiljanlegt og hann hefur sínar ástæður, en eins og ég segi, þá vil ég enn þá svolítið draga þetta í efa. Ég hef heyrt svona sögur í gegnum þennan bransa í gegnum árin, en þar sem ég hef kafað niður að flökum, þar eru myndir og fleira skilurðu? Ekki segja mér að það sé flak einhvers staðar í sjónum og þú viljir ekki að neinn kafi þangað því þú viljir ekki að neinn hrófli við því, því þetta sé vot gröf." Sagði Arnar einnig að hann skilji þá ættingja sem vilji fá að vita hvar flakið sé að finna, svo það fái frið í sálina. „Þá væri þetta bara staður í sjónum þar sem fórust 20 manns og ég veit að þeir kafarar sem ég þekki að minnsta kosti, þeir myndu fullkomlega virða þetta."

Áður en samtali blaðamannsins við Arnar Þór lauk vildi hann koma því á framfæri að það „gæti vel verið að flakið sé löngu fundið“ en að hann hefði heyrt svo margar svipaðar sögur í gegnum tíðina að hann þurfi sönnun svo hann trúi því. „Og ég er ekki sá eini, heldur ættingjarnir líka. Ég vil slá á samsæriskenningar, ég vil slá á eitthvað sem er ekki satt,“ sagði Arnar Þór að lokum en hann heldur út hinni frábæru heimasíðu https://dive-explorer.com/ þar sem hann fjallar um skips- og flugvélaflakaköfun við Íslandsstrendur.

Mýtu eytt

Allt frá því að Glitfaxi, flugvél Flugfélags Íslands fórst þann 31. janúar 1951 í slæmu veðri, hafa ættingjar og vinir þeirra sem létust í slysinu, velt fyrir sér ástæðunni fyrir slysinu. Ýmsar kenningar hafa verið á lofti í gegnum árin, en engin almenn niðurstaða fengist enn.

Ein af kenningunum var sú að vélin hefði orðið bensínlaus og því hrapað í Faxaflóa. Mannlíf hefur rætt við nokkra ættingja þeirra sem létust og hafa þeir flestir heyrt minnst á þessa kenningu, en samkvæmt gögnum um slysið frá 1951, er þetta ekki rétt. Nógu mikið eldsneyti var á vélinni til að endast í um tvo og hálfan klukkutíma til viðbótar.

Samkvæmt skjölum frá árinu 1951, sem Mannlíf fékk að blaða í á Þjóðskjalasafni Íslands, kemur fram að nægilegt eldsneyti hafi verið í vélinni. Í niðurstöðu rannsóknar á slysinu segir: „Eldsneytisforði flugvélarinnar var 600 U.S. gallon af bensíni fyrir flugtak til Sauðárkróks, fyrr um daginn, en ekkert eldsneyti var síðan látið á flugvélina, eða áður, en hún hóf flug til Vestm.eyja. Bensínmagn þetta nægði til þessara 2ja flugferða og 2 - 2,5 klst. að auki.“

Aðrar niðurstöður voru eftirfarandi:

1. Flugvélin var í flughæfu ástandi og skjöl hennar í lagi.

2. Réttindi flugstjórans náðu til þessarar tegundar flugvélar og skírteini hans var í gildi en réttindi aðstoðarflugmanns náðu ekki til þessarar tegundar flugvéla, en skírteini hans var í gildi.

3. Þungi flugvélarinnar við flugtak í Vestmannaeyjum var innan leyfðs hámarksþunga og hleðslumarkið innan tilskilinna takmarka.

4. Í flugvélinni voru öll nauðsynleg radíó-tæki, en sérstakur loftskeytamaður var ekki með, enda ekki venja í innanlandsflugi.

Vitnisburður starfsmanna flugturnsins í Keflavík

Mannlíf ræddi á dögunum við Nikulás Sveinsson sem staddur var í flugturninum í Keflavík daginn sem Glitfaxaslysið átti sér stað. Sagðist hinn 94 ára fyrrverandi rafvirki á Vellinum, muna hvert einasta orð sem fór á milli flugturnanna í Reykjavík og Keflavík og vita að flugmaður Glitfaxa hafi í þrígang neitað að lenda í Keflavík, þrátt fyrir ítrekanir um að ekki væri hægt að lenda í Reykjavík sökum veðurs.

En ef gögn um málið eru skoðuð má sjá að Bandaríkjamennirnir tveir, Robert H. Bauerle og Harry Jacob Getz, sem störfuðu í flugturninum í Keflavík þann 31. janúar 1951, neituðu fyrir svokölluðum lögreglurétti, að hafa boðið Glitfaxa að lenda og er það þvert á það sem Nikulás sagði Mannlífi. „Aðspurður skýrir hann svo frá, að flugturninn hér hafi ekki beðið þá að aðstoða hina óþekktu flugvél,“ stendur í skýrslu lögregluréttarins sem Mannlíf hefur skoðað. Sagði hann að flugturninn hafi einungis verið beðinn um að svipast um eftir tveimur flugvélum, en þeir hafi bara séð aðra þeirra. Ekki gátu þeir vitað hvora vélina þeir sáu.

Stangast þessi vitnisburður Bandaríkjamannanna algjörlega á vitnisburð Nikulásar. Ættingjar þeirra sem létust í flugslysinu, hafa sumir talað um ákveðna þöggun um slysið. Að ekki hafi komið fram nákvæmlega hvað gerðist þennan örlagaríka dag fyrir 72 árum, en bent hefur verið á að faðir flugmannsins, Ólafs Jóhannssonar, hafi verið þingmaðurinn og fyrrverandi ráðherrann Jóhann Þ. Jósefsson frá Vestmannaeyjum, en hann var meðal annars samgöngu- og iðnaðarmálaráðherra frá 1949-1950. Skal það látið ósagt hvort þessi tengsl hafi haft einhver áhrif á vitnisburði Bandaríkjamannanna tveggja, en þau eru áhugaverð.





Reynir Traustason

Jóhann heyrði lungað falla saman

Jóhann Valdórsson þurfti að segja skilið við sjómennskuna eftir að hann lenti í slysi í nóvember 2020. Búið var að taka inn trollið og verið var að tæma pokann. Jóhann heyrði smell og fékk pokann yfir sig sem hann upplifði að gengi yfir sig í bylgjum. Hann slasaðist illa og minnstu munaði að hann léti við þetta lífið, en strax eftir slysið var hann kominn í upp í gálga að bjarga málum. Stuttu seinna mætti hann í aðgerð, en það var ekki fyrr en í lok vaktar að hann fór að kenna sér meins.

Fyrsta túrinn fór hann með móður sinni árið 1986 á ísfisktogaranum Harðbaki EA þar sem móðir hans var var kokkur. Hann var reyndar ekki kominn til að vinna, þar sem það tíðkaðist á þessum árum að fólk til sjós tæki börnin sín með sér í stöku túra. Hann segist þó ekki vera nein hetja því lengst af túrnum var hann sjóveikur í koju.

„Ég fer fyrstu þrjá túrana mína á Kaldbak, kannski einn eða tvo á Harðbak. Ef maður fékk ekki næsta túr þá bara beið maður eftir næsta togara, fór heim til skipstjórans, bankaði uppá; „Get ég fengið túr?“,“ segir Jóhann sem fann sig vel á sjónum frá upphafi. „Ég var búinn að vera nokkra túra þegar ég fer á Árbak hjá Stefáni Aspar heitnum, sem var algjört ljúfmenni. Það var bara í fyrsta túr að það var alveg greinilegt að ég var að fara að vera þarna. Allir þarna um borð voru sultuslakir. Árbakur var helmingi minni en Kaldbakur og Harðbakur, en fiskaði þannig séð alveg jafn vel miðað við stærð og það var hægt að gera þetta allt bara í rólegheitunum,“ segir Jóhann.

„Ég gleymi því ekki þegar einn stýrimaður um borð, sem heitir Bjössi, kom til mín. Það var aðgerð og hann kom og sagði: „Jói, nú ætla ég að kenna þér að gera að eins og fósturpabbi þinn kenndi mér“,“ segir Jóhann er fósturpabbi hans, Valgeir Hauksson, var á sjó allt sitt líf frá 18 ára aldri. Í fyrra hætti hann sjómennsku, orðinn 68 ára gamall.

AUGLÝSTU HJÁ OKKUR







MANNLÍF

Vín og matur

ELSA@MANNLIF.IS

VIÐTAL



Reynir Traustason
Myndir / Kazuma Takigawa



UNA TORFA

sigraði krabbameinið og sló í gegn: „Ég er ekki hrædd um að frægðin gleypi mig”

Tónlistarkonan og klæðskeraneminn Una Torfadóttir greindist með alvarlegt krabbamein árið 2020, þá aðeins tvítug að aldri. Það vakti þjóðarathygli þegar móðir hennar, Svandís Svavarsdóttir, tók sér hlé frá störfum sem heilbrigðisráðherra til að berjast við veikindin með henni. Una segir frá baráttu sinni í viðtali við Mannlífið.

4. stigs heilakrabbamein
„Ég var sem sagt með 4. stigs heilakrabbamein og fór beint í aðgerð þar sem æxlið var fjarlægt og við tók síðan lyfjameðferð og geislameðferð og þetta var allt mjög svona súrrealískt og skrítið fyrir mig og fjölskylduna mína og vini og svona. Einhvern veginn hafði enginn á okkar reki orðið svona veikur þannig að þetta var allt svona, já, mjög furðulegt og erfitt."

Una man vel hvernig það bar til að hún fékk fréttirnar af krabbameininu.

„Þetta gerðist í raun allt rosahratt. Ég fékk flogakast og fór vegna þess í sneiðmyndatöku þar sem æxlið sást. Ef ég man rétt þá var það þremur eða fimm dögum síðar sem ég fór í skurðaðgerð og svo var æxlið sent í vefjagreiningu og það leið ekki langur tími þar til að við vissum að þetta var illkynja æxli; sem sagt krabbamein.
„Það sem ég allavega upplifði var að það tók einhver við, ég veit ekki hvort það var undirmeðvitundin eða ég veit ekki hvað, en það kom einhver svona kraftur upp innra með mér. Ég var mjög bjartsýn og mjög vongóð og mjög jákvæð í gegnum þetta og ég held að það sé í rauninni það sem gerist hjá mjög mörgum, að þegar maður lendir í svona áfalli og fær svona sjokk að líkaminn fer í svona eitthvert „survival mode" og maður fer í að vera rosalega lausnamiðaður. Ég varð líka mjög upptekin af því að skilja sjúkdóminn og skilja allt sem var í gangi og líða svona eins og þetta væri verkefni sem ég hefði einhver tök á; eitthvað sem ég vissi hvað ég var að glíma við.
En þegar öllu er á botninn hvolft þá snýst þetta náttúrlega bara langmest um æðruleysi og von og að treysta læknunum og treysta fjölskyldu sinni. Að reyna ekki að gera allt sjálfur, heldur að reyna að hleypa fólki að og það er það sem ég reyndi að gera."

Hélt alltaf í vonina
Una var allt ferlið mjög jákvæð á að hún myndi sigrast á meininu og hún hélt alltaf í vonina.

„Sko, ég myndi kannski frekar segja að ég hafi stundum kannski leyft mér að horfast í augu við möguleikann á að þetta færi illa og að hugsa um það hvernig það myndi vera og það var alveg sársaukafullt og skrýtið. Fyrir mig þá var það líka mikilvægt að líða ekki eins og ég væri á flótta, heldur eins og ég viðurkenndi aðstæðurnar sem ég var í. Það var mjög mikilvægt fyrir mig að geta rætt það við foreldra mína og vini og að við gætum talað saman um sársaukann líka og óttann og vera ekki í einhvers konar afneitun.
Svo er það svo ótrúlega mismunandi hvernig fólk glímir við svona aðstæður og ég vil engan veginn halda því fram að ég hafi gert þetta réttar en hver annar. Svona veikindi eru oftast langhlaup. Þetta tekur langan tíma og það eru mörg skref á leiðinni og það er alltaf verið að athuga hvernig gengur. Frá því að ég greinist þá í rauninni gekk allt vel."

Hetjan móðir hennar
Það vakti þjóðarathygli þegar móðir hennar, heilbrigðisráðherrann, tók sér frí til að sinna henni í veikindunum og Una er gríðarlega þakklát fyrir það.

„Já, algerlega. Mamma bara þvílík hetja. Og pabbi og systkini mín

> *Ég fékk flogakast og fór vegna þess í sneiðmyndatöku þar sem æxlið sást*





öll og vinir mínir. Það er alveg ómetanlegt að fá svona mikinn stuðning. Og líka bara segir svo mikið um hvernig fjölskylda við erum og höfum alltaf verið. Þetta kom okkur ekkert á óvart að við stæðum svona mikið saman. Við hjálpumst að."

Innblástur víðsvegar frá

Una sækir sér víða innblástur í tónlist sína, en frægðarsól hennar hefur risið hratt undanfarið. Það mætti draga þá ályktun að tónlistarsköpun hennar hafi blómstrað í veikindunum, en hún segir ekki svo vera.

„Nei, alls ekki. Ég bara hafði gaman af því að gera músík og hef alltaf haft gaman af tónlist og auðvitað vonar maður að fólk nenni að hlusta á og að ég sé ekki sú eina sem finnst músík skemmtileg, en það getur enginn vitað svona fyrirfram.
Ég sé það ekki þannig að þetta sé svona tengt. Ég var alltaf að spila og semja og syngja og það breyttist ekkert þegar ég veiktist, það bara var ég sjálf og líka með krabbamein. Auðvitað hefur það mikil áhrif á mig að veikjast. Ég er



bara enn þá að vinna úr því og ég get í raun ekkert lagt mat á það hvernig það breytti mér. Kannski skiptir það líka ekki endilega máli að setja fingurinn akkúrat á það, heldur bara að reyna að vera maður sjálfur og halda áfram að vera góð manneskja og sinna því sem gerir mann hamingjusaman."

Það má segja að Una sæki innblástur úr öllum áttum þegar hún semur tónlist. Þegar hún var yngri hlustaði hún á Taylor Swift og Ed Sheeran, en í dag hlustar hún á alla mögulega tónlist.

„Það fyrsta sem mér dettur alltaf í hug, sem ég hugsa fyrir barnið Unu, þá var það svona Taylor Swift og þegar ég var komin í Hagaskóla var það Ed Sheeran. Þau eru svona gítar-poppstjörnur, en svo hef ég hlustað á svo mikið af alls konar og mamma og pabbi lögðu svo mikið upp úr því að spila alls konar tónlist fyrir okkur systkinin þannig að það eru áhrif úr öllum áttum og ég hlusta á rappmúsík og ég hlusta á elektróníska músík og danskt popp, Elton John og Elvis Presley og bara út um allt.
Mest hef ég gaman af góðum textasmíðum og sterkum, eftirminnilegum laglínum, það er svona kjarninn og minn áhugi liggur í tónlist."

Hefur gaman að skrifum
Textar Unu eru persónulegir, enda skrifar hún texta byggða á eigin reynslu.

„Ég hef mjög gaman af því að skrifa út frá raunverulegum upplifunum mínum. Ég reyni samt að varast að festast ekki í því að þetta þurfi að vera bókstaflega nákvæmlega það sem ég gerði, eða sagði eða það sem kom fyrir heldur að þetta sé bara mínar upplifanir. Innblásturinn fyrir eitthvert verk, þannig að þetta byggir á mínum upplifunum, en svo eru lögin líka sín eigin og mér finnst líka frábært og svo gaman að gefa þetta út og leyfa öðru fólki að túlka og eignast eitthvað í lögunum sjálft. Þá skiptir alltaf sífellt minna máli hvað gerðist sem fékk mig til að semja þetta lag."

Fræðgin
En er hún ekkert smeyk við að frægðin gleypi hana, en hún finnur aðeins fyrir henni.

„Nei, ég er ekki hrædd um að frægðin gleypi mig. Ég held, sko í fyrsta lagi, að þegar maður býr á Íslandi og meira að segja bara frægustu poppararnir á Íslandi geta enn þá farið í sund og í Melabúðina og geta svona haldið sig á jörðinni. Svo er ég líka bara nýbyrjuð og maður veit ekkert hvernig þetta fer allt saman. Það kemur fyrir að einhver heilsar mér og segist vera að hlusta, en það er alltaf bara jákvætt og fólk er mjög kurteist og skemmtilegt. Ég reyni auðvitað að

halda mig á jörðinni og halda mínu striki."

Klæðskeranámið
Una er í klæðskeranámi, sem var eitthvað sem hún byrjaði á áður en hún veiktist og ákvað að gefa út tónlist sína.

„Það er í rauninni bara, eins og ég segi, svo stutt síðan að ég fór að gefa út músík, það var í mars í fyrra, en þá var ég byrjuð í þessu námi. Maður vissi ekkert hvernig þetta mundi ganga; að gefa út tónlist. Núna er ég að reyna að halda dampi í skólanum og í tónlistinni. Ég þarf kannski að fara að endurmeta eitthvað, en allavega í bili þá er ég að gera hvort tveggja og það er mjög gaman."

> ***Þegar maður býr enn þá hjá foreldrum sínum þá getur maður eiginlega lifað á hverju sem er.***

Það er ekki öllum gefið að lifa af tónlistinni einni saman á þeim litla markaði sem Ísland er, en eins og Una segir, þá er það kringumstæðum háð.

„Þegar maður býr enn þá hjá foreldrum sínum þá getur maður eiginlega lifað á hverju sem er."

Pólitíkin kallar ekki á hana
Þrátt fyrir að mikla pólitík megi finna í fjölskyldu hennar sér hún ekki fyrir sér að feta þá braut. Hún segist þó vera sammála móður sinni í langflestum tilfellum.

„Hún kallar ekki á mig sko, núna. En eins og ég segi þá á bara aldrei segja aldrei. Ég bara dáist að mömmu og mér finnst hún alveg ótrúlega mikill nagli og heldur svolítið í kjarnann í þessu, sem er að láta gott af sér leiða og gera gagn, sem var það sem afi Svavar talaði mjög mikið um; að það væri svona hornsteinn í lífinu, svona allavega eins og hann sá það. Ég er vinstrisinnuð og ég er femínisti og mér finnst umhverfisvernd mjög mikilvæg. Ég er friðarsinni, þannig að ég er alveg í langflestum tilfellum alveg sammála mömmu og því sem hún er að gera. Svo auðvitað held ég með henni af því að hún er mamma mín, mér finnst alveg mega segja það og er ekkert hrædd við að segja það.

Þegar ég var 15 ára þá skrifaði ég slammljóð sem heitir „Elsku stelpur" og flutti það ásamt vinkonum mínum í Hagaskóla á Skrekk 2015 og þetta atriði bar sigur út býtum. Þetta vakti svolítið mikla athygli á miðlunum í kjölfarið. Við fórum í Kastljós og í fréttir og ýmislegt. Við fórum að tala á ýmsum málþingum og ég var með fyrirlestra víða og var svo boðið að halda ræðu á kvennafrídaginn 2016, sem var alveg magnað að fá að gera. Það var svona hitt og þetta og í nokkur ár var ég að gera þetta svolítið mikið, tala um þessi mál, því þau skipta mig miklu máli. Kvennafrídagurinn er svona blanda af samstöðufundi og mótmælum og mér svoleiðis barátta heillar mig, svona svolítið eins og Gleðigangan og Hinsegindagar. Nú er ég tvíkynhneigð þannig að það er líka mitt samfélag. Mér finnst svo fallegt að berjast fyrir breytingum með jákvæðum sýnileika og að taka pláss og sýna í verki hvers maður er megnugur. Þá er líka ofboðslega mikilvægt að ræða málin og útlista þau og hafa hátt og leyfa sér að vera reiður finnst mér svo ótrúlega mikið svo, svona, mikilvægt líka að breyta með því að vera, breyta með því að hafa gaman og minna á tilverurétt okkar allra til þess að vera eins og við viljum."

Una hefur þó stigið til baka úr framlínu baráttumála sinna.

„Núna er ég í þeim fasa í lífinu að hlusta frekar en að tala. Ég sagði einhvern tímann við vinkonur mínar að ég væri búin að femínista yfir mig þegar ég var búin að ▶




ÞE
LEi
ÞAÐ
AÐ

vera úti um allan bæ að halda fyrirlestra og ræður og það var svona eins og tankurinn væri tómur. Núna er ég svolítið búin að vera meira að hlusta og taka inn aðrar raddir og bara pæla rosamikið í ýmsu. Mér finnst það mikilvægt og skemmtilegt. Svo er ég svolítið mikið núna í tónlistinni minni að hugsa um ástina og þetta sammannlega og skoða það á einhverjum einstaklingsgrundvelli, en veit að er sammannlegt. Þetta er allt mjög persónulegt og þetta er rosamikið um mig en þetta er líka rosamikið um okkur öll. Það er svolítið það sem ég vil að komist til skila í gegnum tónlistina mína."

Hamingjan og þakklætið

En er Una hamingjusöm eftir allt sem hefur á henni dunið?

„Það er í rauninni mjög stór spurning. Já, ég er mjög þakklát fyrir svo margt í lífi mínu og það er svo margt sem ég er að gera sem færir mér gleði og hamingju og það eina sem hefur verið að angra mig undanfarið er að ég vildi að það væru fleiri klukkutímar í sólarhringnum. Allt sem ég er að gera finnst mér skemmtilegt og áhugavert, en svo hefur maður bara ákveðið mikla orku og tíma. Hefðbundinn dagur hjá mér er að ég vakna klukkan sjö og mæti í skólann klukkan átta til að sauma og teikna snið og svo er ég að gigga, en það er engin regla á því hvenær það gerist svosem. Svo reyni ég að komast upp í stúdíó til að halda áfram að vinna næstu plötu mína. Síðan er ég líka dugleg að hitta vini mína, verja tíma með fjölskyldunni minni, verja tíma með fjölskyldu kærasta míns og verja tíma með kærastanum mínum.

Hann Hafsteinn Þráinsson, kærasti minn, hann er líka músíkant, hann er gítarleikari. Hann er með stúdíóaðstöðu úti á Granda þar sem hann hefur unnið tónlist með alls konar fólki og við kynntumst í gegnum það. Ég gerði fyrstu plötuna mína með Hildi Kristínu, en hún var að pródúsera plötuna mína og sagði: „Ég þekki hérna einn og hann er ótrúlega flinkur að mixa og við skulum tala við hann". Hann tók svo að sér að mixa plötuna og ég held að það hafi liðið næstum því ár þangað til að við ákváðum að vera par. Við vinnum saman í dag og hann er að pródúsera næstu plötu mína, þannig að ég vinn með honum og svo fáum við inn aðra hljóðfæraleikara til að spila til dæmis á trommur eða píanó eða bassa eða eftir atvikum. Þetta er svolítið svona módern nálgun, við erum ekki hljómsveit sem kemur saman og tekur upp, en þetta er skemmtilegt."

Fallegt samband

Stjórnmálamaðurinn Svavar Gestsson, afi Unu, lést í janúar 2021 en þau áttu fallegt samband.

„Hann talaði alltaf við mig eins og ég væri fullorðin, eins og hann gerði við okkur öll barnabörnin. Hann talaði við okkur af virðingu og áhuga og svona raunverulegum, einlægum áhuga. Hann vildi vita hvað okkur fannst áhugavert og skemmtilegt og hann sýndi svo mikinn stuðning í verki með öllum þessum samtölum og öllum þessum tíma sem hann setti í að hringja í okkur og athuga bara hvernig gengi og hvernig litist mér á þetta og hitt. Eftir að ég veiktist þá veitti hann mér alveg ómetanlegan stuðning í því, af því að hann hafði sjálfur fengið krabbamein áður og deildi sinni reynslu með mér og mér þótti alveg ótrúlega vænt um það. Ég sakna hans mjög mikið."

> ***Hann talaði alltaf við mig eins og ég væri fullorðin***

Hvað tekur við og hvað tekur hún með sér eftir baráttuna?

„Ég er ekki mjög góð í að skipuleggja mig fram í tímann og mér finnst lífið skemmtilegast þegar maður bara leyfir því að koma til manns svolítið og er með opið hjartað og opið fangið, tilbúin að grípa tækifæri og upplifanir. Ég ætla að halda áfram að gera það sem mér finnst gaman og spennandi. Ég ætla að halda áfram að gefa út tónlist og ég ætla að halda áfram að spila fyrir fólk. Ég ætla að halda áfram að búa til hvort heldur sem er, eins og í skólanum að búa til föt eða skrifa eða baka og ég ætla að halda áfram að lesa og verja tíma með fólkinu sem mér þykir vænt um.

Fyrst og fremst tek ég með mér þakklæti fyrir lífið og svona þessa vitneskju sem maður getur ekki fengið nema með reynslu – að ekkert er sjálfsagt. Það verður til einhver svona dýpri skilningur á því þegar maður upplifir eitthvað sem er í rauninni ekki eitthvað sem maður á ekkert að þurfa að skilja þegar maður er tvítugur. Það er líka gjöf að fara út í lífið með það veganesti að safna minningum og búa til falleg augnablik eins mikið og maður getur. Ég veit miklu betur núna hvað skiptir máli heldur en áður en ég veiktist. Það er einhvern veginn ekki vinnan eða námið eða ná einhverjum áföngum. Það eru miklu meira þessar stundir sem við eigum með fólkinu okkar og þá reynir maður að lifa lífinu eftir því.

Mér hefur alltaf liðið vel í kirkju. Ég var í stúlknakór sem barn og í mörg ár. Ég er fermd og fer stundum í messu. Ég hef alltaf verið svona frekar lógísk líka í hugsun, en mér finnst alveg gott að leyfa mér svona að hugsa um trú í aðeins meira svona abstrakt samhengi heldur en endilega svona bókstaflega kristinn guð, eða svona það dæmi allt saman, því það er búið að flækja það dæmi allt svolítið mikið. Mér finnst starf kirkjunnar á Íslandi vera alveg ótrúlega mikilvægt og fallegt."

En hvað tekur við eftir dauðann?

„Ég held að þetta sé bara eins og að sofna og að það verði eins og það var áður en maður varð til.



Mér finnst líka svo fallegt til þess að hugsa að lífsorkan sem er inni í mér er ekkert aðskilin öllu öðru lífi á Jörðinni. Þetta er allt ein risastór, endalaus hringrás og allt heldur áfram, það er enginn endir og það er ekkert upphaf. Lífið fer úr einum líkama og aftur út í Jörðina."

Eins og maður getur ímyndað sér óttast hún að krabbameinið skjóti upp kollinum aftur.

„Jú, það bara fylgir manni, sko. Ég fer regluleg í segulómun til að athuga hver staðan er og það er alltaf svolítið erfitt. Maður einhvern veginn er aftur kominn í sömu spor og maður var í þegar ég var veik og það er alltaf svolítið skrítið. Það er líka alltaf góð tilfinning að vita að það er alltaf verið að fylgjast með og ef eitthvað kemur upp aftur er miklu betra að það sé fylgst með því og hægt að grípa inn í, en já, það er erfitt."

Unaðsvara vikunnar

frá Lovísu er Plug-ilicious 1



Unaðsvara vikunnar að þessu sinni er Plug-ilicious 1 frá Lovísu. Þetta er leikfang fyrir fullorðna fólkið og er gert fyrir öll kyn, bæði pör og einstaklinga. Djúpur titringur tækisins er knúinn áfram af tveimur mótorum sem hægt er að stjórna í gegnum app. Plug-ilicious er keilulaga og gert úr mjúku sílikoni sem er mjúkt viðkomu.

Tækið er samhæft við Satisfyer appið sem er aðgengilegt frítt fyrir iOS og Android síma. Hægt er að stjórna 2 mótorunum í sitthvoru lagi, sem gerir ráð fyrir fjölmörgum titringssamsetningum. Þá er einnig hægt að nota tækið án appsins og er það að sjálfsögðu vatnshelt.

Nauðsynlegt er að hugsa vel um tækið og þrífa eftir hverja notkun til þess að koma í veg fyrir sýkingar. Fyrir áhugasama er hægt að nálgast unaðsvöru vikunnar á vefsíðu Lovísu.



PURITY HERBS UNAÐSVÖRUR

Góð náttúruleg leið til að krydda kynlífið.
Komdu maka þínum á óvart í ástarlífinu og bjóddu upp á unaðslegt dekur með unaðsvörunum frá Purity Herbs
www.purityherbs.is



Purity Herbs ICELAND

Purity Herbs vörurnar fást í öllum helstu apótekum & á vefsíðunni okkar
www.purityherbs.is



Baksýnisspegill



Svanur Már Snorrason

Mynd/www.timarit.is

Leifur Eiríksson, DC-8-þota Flugleiða, fórst í aðflugi við Katunayake-flugvöll í Kólombó, á Srí Lanka árið 1978.

Hér er um er að ræða mannskæðasta flugslys gjörvallrar, íslenskrar flugsögu; 183 fórust, þar af átta Íslendingar er voru starfsmenn Flugleiða.

Vélin var á leið frá Sádi-Arabíu með pílagríma frá Indónesíu á leið til síns heima. Millilenda átti í Kólombó þar sem aukaáhöfn og starfsmenn áttu að verða eftir.

Í ömurlegu veðri og verulega slæmu skyggni brotlenti vélin á kókoshnetuplantekru rétt fyrir miðnætti; tveimur kílómetrum frá enda flugbrautarinnar.
Sögðust nokkrir sjónarvottar hafa heyrt öfluga sprengingu um leið og vélin rifnaði í þrjá hluta er hún féll til jarðar.

Í bókinni Útkall: Leifur Eiríksson brotlendir, eftir Óttar Sveinsson, segir frá því þegar Bjarni Ólafsson flugvirki stóð úti á flugvellinum:

„Ég sá þegar vélin var um það bil að koma niður til jarðar, var að fara að



Mynd/www.timarit.is

lenda. Ljósin á henni hurfu andartak, en svo fór um mig angistarhrollur: Allt í einu sá ég bjarma af miklum eldblossa."

Úr þessu hörmulega flugslysi komust 79 manns lifandi; þar af fimm Íslendingar. Þeir voru flugfreyjurnar Jónína Sigmarsdóttir, Kristín E. Kristleifsdóttir, Oddný Björgólfsdóttir og Þuríður Vilhjálmsdóttir, sem og Harald Snæhólm flugstjóri.

Á flugvellinum beið áhöfn Dagfinns Stefánssonar flugstjóra eftir vélinni; áhöfnin átti að taka við vélinni og flytja pílagrímana áfram til Indónesíu.

Sat hópurinn í farþegasal flugvallarins er maður kom til þeirra og flutti þeim hin hörmulegu tíðindi:

„Hann horfði á okkur öll og sagði:
„Your plane was crashing!" segir Lilja Sigurðardóttir í áðurnefndri bók Óttars Sveinssonar, en Lilja var meðlimur áhafnarinnar:

„Við horfðum bara öll á hann steini lostin og göptum. „No, no, no," sögðum við. „Það getur ekki verið!""

Þeir fimm af Íslendingunum sem lifðu flugslysið af voru fluttir á sjúkrahús í Kólombó og var enginn þeirra lífshættulega slasaður.

Þann 19. nóvember lenti Sólfaxi, Boeing 727-þota Flugleiða, á Íslandi með lík sjö þeirra átta Íslendinga sem fórust. Fjöldi starfsmanna Flugleiða stóð heiðursvörð við móttökuathöfnina og íslenska þjóðin var öll harmi slegin.



Morgunbladid

32 SÍÐUR

Yfir 200 látnir í flugslysinu í Sri Lanka:

Flugstjórinn gaf hreyflunum fullt afl rétt fyrir flugslysið

Þau fórust í flugslysinu

Mynd/www.timarit.is



Mynd/www.timarit.is



Mynd/www.timarit.is



VÍSIR

Fyrstur með fréttirnar

200 FÓRUST MEÐ FLUGLEIÐAÞOTU

Átta Íslendingar fórust, en fimm eru í sjúkrahúsi

Íslendingarnir sem fórust

Fimm Íslendingar komust lífs af

Mynd/www.timarit.is

Var rannsókn yfirvalda á Srí Lanka gagnrýnd af Flugmálastjórn Íslands; niðurstaða rannsóknarinnar var sú að gáleysi flugmanna hefði verið aðalorsakavaldur flugslyssins.

Hópur íslenskra rannsóknarmanna var sendur utan og komst hann að annarri niðurstöðu; taldi ýmislegt athugavert við flugstjórnar- og aðflugstæki flugvallarins.

Voru fulltrúar annarra flugfélaga á sama máli; var gefin var út rannsóknarskýrsla í samráði við ameríska sérfræðinga er stangaðist verulega á við niðurstöður fyrri rannsóknar.

Niðurstaða nýju rannsóknarinnar var sú að aðalorsakir slyssins hefðu verið skortur á viðhaldi aðflugstækja og að áhöfn flugvélarinnar hefði fengið rangar upplýsingar frá flugturni.

Einnig var veðrið talið hafa átt mikinn þátt varðandi slysið; mikil rigning var er slysið varð; mikill vindur og niðurstreymi.

Mætti íslenski rannsóknarhópurinn mörgum erfiðum hindrunum við rannsókn sína; taldi að um yfirhylmingu yfirvalda á Srí Lanka væri að ræða.

Í áðurnefndri bók Óttars Sveinssonar, Útkall: Leifur Eiríksson brotlendir, á Skúli Jón Sigurðsson, fyrrverandi deildarstjóri flugrekstrar- og rannsóknardeildar Flugmálastjórnar Íslands, lokaorðin í, en bókin er tileinkuð minningu Íslendinganna átta og þeirra 175 Indónesa er fórust í þessu hræðilega flugslysi:

„Flugmennirnir komu þarna grunlausir og treystu aðflugstækjum flugvallarins eins og þeir voru þjálfaðir til að gera. Rangar leiðbeiningar flugumferðarstjórans féllu saman við gölluð og hættuleg aðflugstækin. […] Það gerði þetta svo enn verra að þarna voru maðkar í mysunni, svo ekki sé meira sagt, hjá yfirvöldum á Srí Lanka og nánast fyrirfram ákveðið að þarna skyldi hylmt yfir – þarna átti ekki að leiða allan sannleikann í ljós. En nú hefur það loksins verið gert."

Heimildir:
https://www.visir.is/g/20131399667d (sótt 22. febrúar 2023).

Útkall: Leifur Eiríksson brotlendir, Óttar Sveinsson, 2006, Útkall bókaútgáfa.



Svanur Már Snorrason

John Lennon - In memoriam

Það var óvenjudimmt og þungt yfir þennan morgun í desember fyrir tæplega fjörutíu og þremur árum þegar ég, þá níu ára gutti, rölti leiðina frá Tunguvegi 1 í Hafnarfirði yfir í Víðistaðaskóla.

Þó að morgnarnir í desember séu dimmir og þungir var þó sem eitthvað grúfði yfir – níðþung ský og svört.

Þó að lífið léki við mig var enga gleði að finna þennan morgun og ég vissi ekki af hverju. Hafði vaknað seint, henst af stað og þegar ég gekk inn í skólastofuna var sama andrúmsloftið ríkjandi – þungt yfir. Kennarinn hvergi sjáanlegur og nemendur virtust úti að aka.

Fljótlega fékk ég fréttirnar – það var búið að myrða John Lennon.

Ég man að það þyrmdi yfir mig og ég átti erfitt með að berjast við tárin – og dimmur morgunninn varð kolbikasvartur. Ég man ekki hvernig bekkjarfélagar mínir tóku tíðindunum. Það virtist sem öllum væri brugðið, en svo komu frímínúturnar, það birti úti, tók að snjóa og það heyrðist hlátur á göngunum, en hann kom ekki frá mér.

Ég man þennan ömurlega morgun betur en þegar 11. september 2001 gekk í garð, mun betur en daginn þegar Kurt Cobain endaði sitt líf og jafnvel enn betur en þá daga þegar jörð hefur skolfið hvað mest hér á Íslandi.

Morðið á John Lennon var svo hryllilega tilgangslaust að það tók á sig ótrúlega margar myndir af tilgangslausum morðum á andlitslausu fólki.

En enginn skildi af hverju.

Í John Lennon var að finna birtingarmyndir af svo mörgu góðu í mannfólkinu, þrátt fyrir að hann væri enginn engill. Hann var frjór, skapandi, kraftmikill, lífsglaður, jákvæður, sveiflukenndur, fyndinn og með ólíkindum hæfileikaríkur tónlistarmaður.

Þegar hinn afar veiki Mark David Chapman skaut John Lennon í bakið var eins og tilgangsleysið og eyðingarhvötin hefði tekið völdin, þó ekki væri nema í skamma stund.

Þessi skamma stund gerði dimman desembermorgun hjá níu ára gömlum dreng að morgni sem hann myndi aldrei gleyma – og aldrei skilja. Þetta var einfaldlega eitt af þessum tilhæfulausu óhæfuverkum sem við mannfólkið gerum hvert öðru. Gjörð sem ekkert kom út úr nema sorg og minning um mann sem hafði gefið okkur svo mikið.

Ég sakna hans enn þá, og mun líklega gera svo lengi sem ég dreg andann.

FARÐU VEL MEÐ HÚÐINA ÞÍNA!

VISSIR ÞÚ AÐ LAMPARNIR OKKAR
STUÐLA
AÐ BÆTTRI D-VÍTAMÍN INNTÖKU ?





kiwisun®

KIWISUN SÓLBAÐSSTOFA
BORGARTÚN 22
105 REYKJAVÍK
PANTAÐU TÍMA NÚNA:
770-0232



Aðsend

Þú kynnist fyrst maka þínum þegar þú skilur við hann

Ég hef átt í nokkrum langtíma samböndum á lífsleiðinni. Misgóðum – Misgáfulegum – Mislöngum. Ég hef verið í samböndum sem hafa flogið hátt og öðrum sem hafa legið lágt.

Ég elska ást. Ég elska samvinnuna, samveruna og samlífið. Mér finnst gott að elska og mér finnst gott að tilheyra og vera elskuð. Sammannlegt reikna ég með.

Hvert og eitt samband hefur kennt mér margt. Hver og einn maki hefur kennt mér meira. En reynslan hefur stundum verið sár og bitur og það eru sambönd sem ég vildi óska að ég hefði verið án.

Einhver ástarlíki sem tóku svo mikið, að eftir sat eitt gapandi tóm.

Í hálfan annan áratug var ég í sambandi við alkóhólista. Við vorum ung og óhefluð. Drykkjan var stjórnlaus en ekki dagleg. Sú raun olli því að ég treysti illa þegar áfengi er haft um hönd. Sambandið var laskað vegna Bakkusar. Við lærðum bæði og brotin og beygð var tappinn settur í, en þá datt botninn úr í sambandinu. Vinskapurinn og virðingin hélt samt í gegnum skilnaðarferlið – mér mun ætíð þykja fjarskavænt um hann og sakna.

Því næst tók við um það bil tveggja ára stormasamt samband. Við vorum óneitanlega skotin, en hann móðgaðist við minnsta tilefni. Talaði ekki við mig í marga daga en poppaði svo upp á Snapchat og lét sem ekkert hefði í skorist. Enginn hefur sent mér jafnmargar sjálfsmyndir af sér. Á hjóli, í lyftu, á handklæðinu, með húfu og nokkrar með fokk jú-merki … ef hann var fullur og fúll.

Sénsar, ótal sénsar – að endingu flutti hann inn og börnin hans fylgdu með aðra hverja helgi. Ég var til í samvinnuna, ég var til í að gefa til að fá að tilheyra. Þangað til hann sneri mig niður og tók mig kverkataki. Þá hvarf löngunin mín í frekara samband. En hann hélt áfram að poppa upp – vantaði skrúfurnar úr sjónvarpinu og ljósaperur sem hann hafði lagt út fyrir í þessari stuttu sambúð. Verst var þegar hann ítrekað gerði sér ferð fram hjá vinnustaðnum mínum.

Illa brennd kynntist ég nýjum manni sem vildi allt fyrir mig gera. Mér fannst ég vernduð og ég leyfði honum að leiða mig. Sambandið óð fram veginn á ógnarhraða. Við sameinuðumst … allt, allt of fljótt. Sambandið náði rétt einum hring í kringum sólina þegar hann gafst upp á mér. Hann lét mig vita að ég væri óferjandi, leiðinleg, ég og mitt blæddum yfir alla tilveru hans og að mér væri ófært að sýna samkennd og virðingu. Ég væri ofbeldismanneskja og hann fór að kalla geðlyfin sín í höfuðið á mér … samt hlæjandi. Hann fór að drekka meira og mætti illa til vinnu. Hann sagði mér að vinnan hans hefði veitt honum aukið svigrúm af því hann ætti svo erfitt heima fyrir.

Hann réttlætti að ætla að keyra mig niður á bílnum sínum, af því ég var að tálma hann þegar ég bað hann um að fara ekki. Hann sneri upp á höndina á mér, öskraði á mig og æddi út af heimilinu drukkinn og í flestum tilfellum á bílnum. Í margar nætur skilaði hann sér ekki heim. Ég hræddist hann og fyrir það eitt hefur hann kært mig.

Rándýr ást sem sýndi að ég átti líka að taka við skuldum hans.

Lífsviljanum týndi ég – Hvað ef þessir síðustu tveir hafa haft rétt fyrir sér? Hvað ef ég er svo ómögulega ósanngjörn að það er ekki hægt að elska mig? Hvað ef ég er svo blind á eigin hegðun? Skömmin, hræðslan, varnarleysið og vanmátturinn hafa gert að verkum að ég hef ekki getað komið mér fram úr. Ég hef ekki verið í vafa um hvort ég skyldi deyja, heldur meira hvernig. Með aðstoð sérfræðinga hefur mér tekist að líða skár. Ég, ein, get ekki borið ábyrgð á þeirra líðan eða framkomu. Ég lít til baka og horfi á mitt fyrsta samband. Það var hvergi fullkomið, það var hvergi nærri dans á rósum – En það var fimm sinnum lengra en hin tvö samanlögð og í baksýnisspeglinum sýnir það mér að þar skildi ég við góðan mann. Hinir tveir voru það einfaldlega ekki.


LOVE
SUCKS



Reynir Traustason



Draugur við Hornbjarg og tannlæknir í fjöru

Einangraðasti staður á Íslandi er væntanlega Hornbjargsviti við Látravík. Þangað kemur varla mannvera á tímabilinu frá ágústmánuði og fram í júní, þegar vaskur hópur frá Ferðafélagi Íslands mætir til að opna skála félagsins. Um tveggja mánaða skeið er ys og þys á þessum eyðislóðum þegar ferðamenn streyma þangað til að njóta útivistar við ysta haf og upplifa tíma sem einu sinni var. Í dag er enginn vitavörður á Hornbjargi. Skálaverðir Ferðafélagsins greiða götu gesta og gangandi. Fólk gistir í gamla vitavarðarhúsinu og sumir fá sér landsfrægar fiskibollur Halldórs Hafdal Halldórssonar sem veiðir fiskinn, verkar og býr til bollurnar. Í næsta nágrenni við húsið skottast refir um, óhræddir við manneskjur. Það er enda bannað að drepa refi í friðlandinu. Hornbjargsviti á sér langa sögu og sumpart heillandi sögu frá mannlífi sem var þar um áratugaskeið. Þjóðsagnapersónur á borð við Óla komma, Óskar Aðalstein og Jóhann vitavörð hafa markað sín spor á þessum slóðum; sumir lengur en aðrir. Eitt sumarið kom upp dularfullt atvik. Óli var á staðnum ásamt konu sinni þegar þau sáu göngumann koma aðvífandi. Hann gekk að vélarhúsinu við hlið íbúðarhúss

Útsýni af Kálfatindi á Hornbjargi. Séð yfir Hornvík. Mynd: Pétur Ásgeirsson,

vitavarðanna og staldraði þar við. Óli ætlaði að heilsa upp á hann, en þá brá svo við að gesturinn gekk hratt í burtu og hélt upp Axarfjallið. Kona Óla spurði hvort hann kannaðist eitthvað við manninn, en hann sagði svo ekki vera. „Hann er ekki þessa heims," sagði hann. Konan spurði þá hvernig hann vissi það. Óli sagði það vera einfalt. Það fylgdi honum enginn skuggi.



Hornbjargsviti. Ferðafélag Íslands heldur úti gistiþjónustu á sumrin. Mynd: Guðrún Gunnsteinsdóttir.



Hornbjarg. *Mynd: Guðrún Gunnsteinsdóttir*



Greinarhöfundur á leið í Látravík.
Mynd: Guðrún Gunnsteinsdóttir.



Hornbjarg *Mynd: Guðrún Gunnsteinsdóttir.*

Vitavörður með tannpínu

Ótal sögur eru til frá tímum vitavarðanna. Hornbjargsviti var lengst af eina byggða bólið á öllum Hornströndum. Þeir dagar komu að einungis fuglinum fljúgandi var fært á þessar slóðir sem á vetrum eru gjarnan rammaðar inn af hafís og stálgráum fjöllum. Það er auðvelt að lifa sig inn í það þrekvirki þegar Jóhann vitavörður fór upp á Axarfjall með talstöð til að leiðbeina skipum fyrir Horn í gegnum hafísinn.

Það komst í fjölmiðla þegar Óli vitavörður fékk tannpínu. Þá var mönnum vandi á höndum. Vitavörðurinn mátti ekki yfirgefa vaktina þótt varðskip gæti sótt hann og komið honum undir læknishendur. Lausnin varð endanum eins og með Múhamed og fjallið. Afráðið var að tannlæknir frá Ísafirði kæmi með varðskipinu til Látravíkur.

Þeir sem til þekkja vita að það getur verið erfitt að lenda í fjörunni undir vitanum. Þegar varðskipið kom siglandi með tannlækninn var á mörkunum að hægt væri að lenda. Það var því gert neyðarplan. Óli vitavörður varð að vera í fjörunni og helst með opinn munn. Gúmmbáturinn sætti lagi og lenti í fjörunni. Tannlæknirinn stökk upp í fjöru með þau tól sem þurfti. Á örskotsstundu dró hann skemmdu tönnina úr vitaverðinum og stökk aftur um borð í gúmmbátinn sem hélt þegar frá landi.

Flestir þeir sem heimsækja Hornbjargsvita ganga sem leið liggur til Hornvíkur til að njóta þeirrar svimandi fegurðar sem þar er að finna. Algengt er að fara beint upp frá vitanum og um Kýrskarð. Sú leið er flestum fær. Hinn möguleikinn er að ganga með brúnum Hornbjargs, með fram Dögunarfelli, um Almenninga og koma niður að Hornbæjunum. Þeir sem þora koma við á Kálfatindi, hæsta punkti Hornbjargs. Sú ganga er ekki fyrir lofthrædda.

Það verður enginn svikinn af því að heimsækja Hornbjargsvita. Í skálanum er að finna mikið bókasafn með fróðleik um staðinn og svæðið allt. Þegar vindur og regn berja á húsunum er notalegt að hjúfra sig niður með bók í hönd og kynna sér sögu þessa dásamlega og hrikalega staðar andstæðnanna.


FJALLA
KOFINN
Njóttu snjósins á
skíðum
Skíðapakkar við allra hæfi
20% afsláttur




Fjallaskíðabúnaður
25% afsláttur


Hallarmúli 2 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is



PÁLÍNA PÁLSDÓTTIR

Fjölskylduhagir?
Ég á tvo gullfallega og hrausta drengi sem ég elska af öllu hjarta. En ég er því miður nýskilin, sem er eflaust það erfiðasta sem ég hef gert, en það er alltaf ljós hinum meginn við göngin, það erfiðasta er yfirstaðið.

Menntun/atvinna?
Èg er með bachelor ì Sálarfræði, èg er lærður einkaþjálfari og Yoga kennari. Er núna að klára heilsunuddarann. Er ekki að vinna mikið núna eftir fæðingu (þar sem leikskólamál eru í ruglinu) en er að vinna ì skemmtilegum verkefnum sem ég fæ vonandi að deila með almenning à næstu vikum.

Uppáhaldssjónvarpsefni?
Eitthvað sem fær mig til að hlægja, ofbeldi og hryllingur er ekki góður fyrir sàlina þannig hef nýlega hætt að horfa à það.

Leikari?
Antonio Banderas ì Desperado var idolið mitt enda skìrði èg eldri son minn Anton. Svo er Mel Gibson ì miklu uppàhaldi.

Rithöfundur?
Paulo Choelo - The Alchemist breytti lìfi mìnu mæli með henni.

Bók eða bíó?
Eiginlega hvorugt skemmtilegra að fara ì pool eða eitthvað àlìka

Besti matur?
Ìtalskur hann bara talar við sàlina en borða afar lìtið af honum. Annars bara allur matur àn unnra olìa.

Besti drykkur?
Gott te með hunangi og sìtrònu. Svo ef það à að leyfa sèr þà er það frosinn jarðaberja Daquiri

Nammi eða ís?
Ìs allan daginn, allt àrið ì kring

Kók eða pepsi?
Oijjjjjjjj hvorugt, mèr finnst èg kafna þegar èg drekk gos. EN ef èg þyrfti að velja þà myndi èg velja kòk.

Fallegasti staðurinn?
Èg elska að kafa ì Grikklandi, hafið þar er stòrkostlegt. Annars er fjölskyldu eyjan Hjörsey það fallegasta og friðsælasta sem èg veit um

Hvað er skemmtilegt?
Að fà fòlk til að brosa og lìða vel, best þegar það eru drengirnir mìnir. Annars finnst mèr andleg màlefni eins og sjàlfsvinna àsamt heimspekilegum umræðum yndislegar.

Hvað er leiðinlegt?
Neikvætt fólk og fòlk sem keyrir à 100km hraða inn og ùtùr hringtorgum.

Hvaða flokkur?
Enginn, ætla stofna Minn eigin einhvern tìmann þar sem flestir þessir flokkar eru því miður alls ekki með hag fólksins ì landinu fyrir brjòsti. Við erum svo lìtið land og ættum svo auðvelt með að vera best ì heimi og það er svo magnað hvað það er bara alls ekki staðan.

Hvaða skemmtistaður?
Mèr finnst skemmtilegast að dansa. Það er eina àstæðan afhverju èg fer à skemmtistaði. Þannig þar sem það er ekki STAPPAÐ af fòlki og gòð tònlist. Dansaði seinast à Lux

Kostir?
Heiðarleg, hreinskilin, hjartnæm, kærleiksfull og àvallt vinur vina minna.

Lestir?
Gleymin, og svo er èg skapstòr þegar èg er særð.

Hver er fyndinn?
Mèr finnst Villi Neto mjög fyndinn svo finnst mèr Dave Chapelle algjör snillingur.

Hver er leiðinlegur?
Það er enginn kannski beint leiðinlegur fòlk à bara mis mikið bàgt

Mestu vonbrigðin?
Að à hverju àri ætlum við að vinna Eurovision svo bara gerist ekki neitt. Hahah nei mestu vonbrigðin eru hvað fòlk getur verið vont við hvort annað og sjàlft sig. Hvernig væri bara að dreifa aðeins meiri kærleik ì staðinn fyrir gremju?

Hver er draumurinn?
Að hjàlpa eins mörgum að elska sjàlfan sig eins og lìfið leyfir og skilja þennan heim eftir að betri stað. En draumurinn er auðvitað að við Ìsland verðum besta og òspilltasta land ì heimi

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?
Àrið var nù bara að byrja. En èg er bùin að sigra sjàlfa mig með þeim verkefnum sem èg er að vinna ì sem èg get ekki deilt með ykkur alveg strax. Èg lærði einnig að það er allt ì lagi að biðja um hjàlp það gerir þig ennþà sterkari að geta viðurkennt þegar að þù getur ekki allt ein/n

Ertu búinn að ná öllum þínum markmiðum?
Và svo langt því frà. Enda ætla èg að hafa markmið þangað til èg fer af þessari plànetu! Àn markmiða er lìfið frekar innihaldslaust

Vandræðalegasta augnablikið?
Mèr finnst einginlega ekkert vandræðalegt ef þù veist hver þù ert þà er ekkert að því að vera stundum kjànalegur svo lengi sem þù getur hlegið af sjàlfum þèr..

Mikilvægast í lífinu?
Að eiga gòða fjölskyldu og vini, tengslanet sem grìpur þig og öruggt heimili. Það er svo fallegt að deila heimili með einhverjum sem þù elskar og þykir vænt um það þarf ekki að vera maki. Það gæti verið vinur, vinkona börn eða jafnvel dýr. En ì rauninni er það mikilvægasta sem þù gerir er að elska sjàlfa/nn þig skilyrðislaust.

vertu betri útgáfan af sjálfum þér!



þrýstinudd

hefur jákvæð áhrif á
bólgur & verki

even labs

Faxafen 14
S: 419-7770

Hafra klattar með döðlu-fyllingu



Gómsætir og seðjandi hafraklattar. Tilvaldir í millimál eða nestispakkann.

Hráefni:

DÖÐLUFYLLING

1 bolli vatn

3 bollar döðlur (steinalausar)

1 tsk. vanilluþykkni

KLATTAR

2 bollar haframjöl

1 bolli hveiti

3/4 bolli púðursykur

1/2 tsk. matarsódi

1/4 tsk. salt

1/8 tsk. kanill

1 bolli kalt smjör, ósaltað, skorið í litla teninga

Aðferð:

Forhitið ofninn í 200 °C. Klæðið 9 tommu bökunarform með smjörpappír og leggið til hliðar.

Setjið vatn og döðlur í meðalstóran pott og sjóðið við meðalhita í um það bil 10 mínútur, þar til ekkert vatn er eftir.

Bætið vanilludropum saman við döðlurnar og hrærið vel. Látið blönduna kólna.

Bætið döðlublöndunni í matvinnsluvél og hrærið þar til hún verður að mauki, setjið í skál og leggið til hliðar.

Setjið restina af þurrefnunum í matvinnsluvélina og smjörið skorið í litla bita og blandið þar til smjörið hefur blandast vel inn í blönduna og molnar.

Dreifið 2/3 af molablöndunni á botninn á bökunarforminu og dreifið jafnt yfir. Bætið döðlublöndunni út í og dreifið henni með spaða. Bætið restinni af mylsnunni ofan á og þjappið örlítið með spaða, þrýstið ekki of fast niður.

Bakið í 35 til 45 mínútur, þar til þær eru gullinbrúnar og látið síðan kólna alveg. Setjið í ísskáp í nokkra klukkutíma í viðbót. Takið út og skerið í ferninga.



Byggingavöruverslun

Þ. Þorgrímsson & Co

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is



Björgvin Gunnarsson

Forfeður okkar voru hálfvitar

Lesendur, vinsamlegast athugið: Eftirfarandi pistill var skrifaður þegar höfundurinn hafði keyrt í enn einu bandbrjálaða veðrinu út í búð og aftur heim. Á leiðinni úr bílnum gaf lægðin sem þá var yfir landinu, sú hundraðasta á árinu, höfundinum rækilega á kjaftinn og það aftur og aftur á meðan hann klöngraðist með báðar hendur fullar af matvælum sem kostuðu allt of mikið, í átt að heimili sínu. Lá við að hann færi að grenja þegar hann reyndi að opna dyrnar með lyklinum, sem tókst í fimmtu tilraun. Blautur, kaldur og lúbarinn í framan settist höfundurinn við tölvuna sína og hamraði eftirfarandi pistil á lyklaborðið. Í grunninn stendur hann þó 100 prósent við fullyrðingar sínar, en taka skal fram að um er að ræða skoðun höfundar og hún endurspeglar ekki endilega skoðun ritstjórnar Mannlífs.

Því hefur lengi verið haldið að okkur að forfeður okkar Íslendinga hafi verið miklar hetjur sem með harðfylgni og þrautseigju náðu að viðhalda byggð þrátt fyrir skelfilegt veðurfar og þá staðreynd að Ísland er eyja út í miðju ballarhafi. Þetta er allt saman kjaftæði. Forfeður okkar voru hálfvitar upp til hópa sem námu hér land í þeim tilgangi að sleppa við skattgreiðslur. Á leiðinni tóku þeir þræla frá Bretlandseyjum og sæddu og komu þannig í veg fyrir að hér yrði allt morandi í skyldleikarækt, svona að mestu. Í dag eru þrælarnir í meirihluta á landinu á meðan skattsvikararnir, sem eru í minnihluta, ráða öllu.

Hinar sönnu hetjur eru Vestur-Íslendingarnir sem höfðu nægilega mikið vit til þess að drulla sér úr landi og hefja nýtt og betra líf í Vesturheimi þar sem gegndarlaus svik og prettir voru ekki eins algeng og hér á landi. Svo ekki sé nú talað um veðráttuna, en í Vesturheimi var/er hún skör skárri en á Íslandi þar sem þunglyndisskammdegið ræður ríkjum og hver helvítis lægðin rekur aðra á meðan við sem hér hírumst eins og fávitar, bíðum eftir tveggja vikna sumrinu okkar.



Hönnun sem endist

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14

INNRÉTTINGAR & TÆKI

Íslenska ánægjuvogin

Ánægjan er öll okkar

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni — sjötta árið í röð.



Kristín Gyða Njálsdóttir
Ráðgjafi

SJÓVÁ